



Reykjavík, 6. nóvember 2012

**Umhverfisstofnun**  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

### **Varðar: Framkvæmdir við nýja olíubirgðastöð á Ísafirði**

Með vísan í bréf Umhverfisstofnunar d. 2. júlí 2012 þar sem heimild til áframhaldandi reksturs olíubirgðastöðva á Ísafirði án starfsleyfis var skilyrt því að Umhverfisstofnun væri send skýrsla um framgang mála, upplýsir Olíudreifing að staða einstakra verkþátta í byggingu nýrrar birgðastöðvar á Mávagarði er eftirfarandi:

#### **Lóðaúthlutun**

Ísafjarðarbær úthlutaði félaginu lóðinni Mávagarði, lóð F þann 16. júlí 2012.

#### **Lóð**

Burðarþolsmælingar sem Ísafjarðarbær framkvæmdu að beiðni Olíudreifingar leiddu í ljós að lóðin var ekki byggingarhæf fyrir þau mannvirki sem þurfti og þyrfti að fergja lóðina, þrátt fyrir að í samningi um lóðina hefði átt að skila henni byggingarhæfri þann 20. ágúst 2012.

Verkfræðistofan VSÓ gerði sigmælingar og tillögu um fergingu, sem byggt var á við ákvörðun um fergingu. Búið er að setja niður sigmælingapunkta og verður allt farg komið á lóðina í þessari viku og gerir fergingaráætlun ráð fyrir að lóðin verði byggingarhæf í lok febrúar, en það byggir á að sigmælingar leiði í ljós að sigi sé lokið.

#### **Leyfi**

Umhverfisstofnun veitti stöðinni starfsleyfi þann 18. október 2012.

Sótt var um framkvæmdaleyfi til Ísafjarðarbæjar þann 9. júlí 2012, Teikningar hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun, en formlegt samþykki byggingarfulltrúa hefur ekki borst.

#### **Framkvæmdir**

Verklegar framkvæmdir eru ekki hafnar og verður ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrr en fergingu er lokið, en undirbúningur útboða og annarra framkvæmda stendur yfir, en áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir gætu tekið 3 mánuði frá afhendingu byggingarhæfrar lóðar.

Ljóst er því að ekki verður hægt að taka birgðastöðina í notkun fyrir 31. mars 2013. Hvenær það verður hægt, veltur á þeim tíma sem ferging tekur og telur félagið því rétt að biða með framlengingu ofannefndrar undanþágu þar til tímasetningar fergingar eru betur ljósar, sem gæti orðið um næstu áramót.

Virðingarfyllst,  
f.h. Olíudreifingar ehf.

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

**Olíudreifing ehf**

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999